



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2017

1703008SA GB
Málalykill: 02.05

Efni: Umsögn um frv. um afnám laga um orlof húsmæðra, 119. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint þingmál.

Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga

Um er að ræða endurflutt þingmál og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga oftsinnis lýst þeirri afstöðu til málsins að lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972 beri að fella úr gildi. Fyrir þeirri afstöðu liggja m.a. eftirfarandi ástæður:

- Lögín eru tímaskekkja vegna gjörbreyttra aðstæðna húsmæðra, sem flestar eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Umræða um að fella lögín úr gildi er fjarri því ný af nálinni. Starfshópur sem félagsmálaráðherra skipaði í lok síðustu aldar lagði samhljóða til að lögín yrðu felld úr gildi. Því er löngu tímabært að Alþingi taki af skarið og felli lögín úr gildi.
- Framkvæmd laganna fer í bága við ákvæði 5. gr. þeirra um að hámarks kostnaðarþátttaka kvenna skuli vera 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar. Vegna orlofsferða innanlands greiða þátttakendur líklega um helming kostnaðar og þar sem orlofsnefndir skipuleggja utanlandsferðir er kostnaðarhlutdeildin enn hærri.
- Almenn fyrirmæli í lögum um fastar greiðslur úr öllum sveitarsjóðum í félagslega þágu tiltekinna hópa, svo sem húsmæðra, verður því að teljast tímaskekkja enda eru í gildi almenn rammalög um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem sveitarstjórnnum eru eftirlátin nánari framkvæmd og ákvarðanir með hliðsjón af einstaklingsbundnu mati á þörfum skjólstaðinga félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Einhver dæmi eru um að sveitarfélögum berist óskir frá karlmönnum sem veita heimilum forstöðu um stuðning til orlofsdvalar. Slíkum umsóknum er undantekningarlaust synjað.
- Fyrir liggur álit Jafnréttisstofu um að ákvæði laganna gangi að öllum líkindum í berhögg við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ljóst má því telja að lög um orlof húsmæðra séu í miklu ósamræmi við lögín um jafna stöðu karla og kvenna og grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar. Jafnframt hafa sveitarstjórnir lýst þeirri afstöðu að þær telji óásættanlegt að löggjafinn skyldi þau til að mismuna íbúunum á grunni kynferðis.
- Jafnframt verður að telja fráleitt að kveða í lögum á um að það sé verkefni sveitarfélaga að fjármagna ferðalög tiltekins hóps íbúa og verður að telja útilokað að löggjafinn myndi setja slík lög við núverandi aðstæður. Sú sérregla sem lög um



orlof húsmæðra kveða á um er því algert stílbrot við önnur lög sem sveitarfélögin starfa eftir.

Með vísan til fyrirbyggjandi ályktana sambandsins og einstakra sveitarstjórna mælir sambandið því eindregið með því að frumvarpið verði að lögum. Sambandið tekur jafnframt heils hugar undir umsagnir þeirra sveitarfélaga sem sent hafa Alþingi umsögn um málið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri